



## MJALLHVÍT

Vetrardag einn þegar snjókornin féllu eins og hvítar fjaðrir af himni sat drottning nokkur og saumaði við gluggann sinn og voru gluggakarmarnir úr svartasta íbenholtviði. Hún opnaði gluggann til að líta til himins og um leið og hún gerði það stakk hún nálinni í fingur sér svo að þrír dropar af blóði féllu á mjöllina í gluggakistunni. Rauði og hvíti liturinn fóru svo fagurlega saman að hún sagði við sjálfa sig: „Ég vildi óska að ég ætti barn eins hvítt og mjöllina, eins rautt og blóðið og eins svart og viðinn í gluggakistunni.“

Skömmu seinna eignaðist hún litla dóttur og hún var hvít eins og mjöll og rauð eins og blóð og svört eins og íbenholt og hún var kölluð Mjallhvít. En ekki var dóttirin fyrr fædd en drottningin lést.

Ári seinna kvæntist konungur aftur. Nýja drottningin var afar fögur en hún var hrokafull og dreissug og þoldi ekki þá tilhugsun að einhver væri fegurri en hún. Hún átti töfraspegil og á hverjum morgni var hún vön að stilla sér upp fyrir framan hann, stara á spegilmynd sína og segja:

*„Spegill, spegill, herm þú hver  
hér á landi fegurst er.“*

Og spegillinn svaraði:

*„Frú mín drottning, fegri þér  
finnst ei nein á landi hér.“*

Pá var hún ánægð því hún vissi að töfraspjallinn gat ekki sagt annað en sannleikann.

En meðan þessu fór fram óx Mjallhvít og dafnaði. Þegar hún var sjö ára var hún yndisfríð eins og vordagur og reyndar orðin ennþá fegurri en drottningin.

Svo var það einn dag að drottningin spurði spjallinn sinn:

*„Spegill, spjall, herm þú hver,  
hér á landi fegurst er.“*

Og spjallinn svaraði:

*Frú mín, drottning, fögur ertu víst  
en fegurri þúsundfalt Mjallhvít mér líst.*

Drottningin varð alveg viðþolslaus þegar hún heyrði þetta. Öfundin ólgaði í blóði hennar og lýtalaus húð hennar varð sjúklega gulgræn. Frá þeirri stundu þurfti hún ekki annað en að sjá Mjallhvíti til að finna hjarta sitt herpast af illsku. Öfund hennar og hroki uxu eins og illgresi í sálu hennar og hún fann aldrei frið, hvorki á nóttu né degi.

Loks kallaði hún einn af veiðimönnum konungs fyrir sig og sagði: „Farðu með þetta barn djúpt inn í skóginn. Ég vil aldrei sjá hana aftur. Dreptu hana og færðu mér lungu hennar og lifur til sannindamerkis.“

Veiðimaðurinn gerði sem hún bað. Þegar hann var kominn með Mjallhvíti lengst inn í skóg tók hann fram hnífinn sinn og var í þann veginn að reka hann í saklaust hjarta hennar þegar hún hrópaði: „Æ, góði veiðimaður, hlífðu mér! Ég skal hlaupa inn í myrkviði skógarins og aldrei koma heim aftur, ég lofa því.“

Hún var svo falleg að veiðimaðurinn fann til með henni og sagði: „Farðu þá, veslings barn – hlauptu burt.“

„Villidýrin éta hana strax hvort sem er,“ hugsaði hann og þungri byrði var létt af hjarta hans við það að þurfa ekki að drepa hana.

Í sömu svifum kom ungur göltur hlaupandi gegnum runnagróðurinn. Veiðimaðurinn drap hann, skar úr honum lungu og lifur og fór með hvort tveggja til drottningar sem sönnun þess að Mjallhvít væri dáin. Kokkinum var falið að krydda iðrin vel, velta þeim upp úr hveiti

og steikja þau, síðan át vonda drottningin þau upp til agna. Þar með, hugsaði hún með sér, var búið að afgreiða Mjallhvíti.

En Mjallhvít var alein í geysistörum skóginum og hafði ekki hugmynd um hvað hún ætti að gera og hvert hún ætti að fara. Hún skimaði í kringum sig en sá ekki neitt sem gæti orðið henni til hjálpar. Hún fylltist ótta og hljóp af stað, skeytti ekkert um hvassar steinnibbur, þyrnikjarr og litlu dýrin sem stukku í veg fyrir hana. Hún hljóp og hljóp og um það leyti sem rökkrið féll á og nóttin nálgaðist kom hún auga á lítið hús. Hún barði að dyrum en það var enginn heima svo hún fór inn og vonaðist til að geta hvílt sig þar.

Allt inni í þessu litla húsi var lítið en afar smekklegt og hreint. Það var pottur með kjötkássu við eldinn, lítið borð með mjallhvítum dúk þar sem stóðu sjö litlar skálar, brauðsneið hjá hverri þeirra, sjö litlir hnífar, gafflar og skeiðar og sjö litlar drykkjarkönnur. Á efri hæðinni voru sjö lítil rúm í einni röð, öll uppþúin með mjallhvítu líni og á litlu borði við hvert rúm var lítið glas og lítill tannbursti.

Mjallhvít var afar svöng og þyrst svo að hún fékk sér dálítið af kássunni í pottinum, einn bita af hverri brauðsneið og sopa af víni úr hverri drykkjarkönnu. Þá fann hún hvað hún var þreytt svo að hún lagðist á eitt rúmið. Það var of stórt fyrir hana svo að hún prófaði annað en það var of lítið. En sjöunda rúmið var alveg mátulegt. Hún bað bænirnar sínar og lagðist út af, lokaði augunum og sofnaði undir eins.

Pegar dimmt var orðið komu íbúar hússins heim. Það voru sjö dverg- ar sem unnu fyrir sér með því að grafa upp dýra málma úr fjöllum. Þeir komu inn og kveiktu á lömpunum og þá sáu þeir að ekki var allt eins og þeir höfðu skilið við það um morguninn.

„Það hefur einhver setið í stólnum mínum!“

„Einhver hefur etið úr skálinni minni!“

„Það er búið að bíta í brauðið mitt – sjáið þið!“

„Skeiðin mín hefur verið notuð – einhver hefur etið af kássunni!“

„Og þeir hafa notað hnífinn minn ...“

„Og þeir hafa notað gaffalinn minn ...“

„Og þeir hafa drukkið úr könnunni minni!“

Þeir litu stóreygir hver á annan. Svo litu þeir allir upp í loftið og þeir læddust allir upp stigann og þeir litu allir á rúmið sitt og hvísluðu:

„Einhver hefur prófað rúmið mitt!“

„Og mitt ...“

„Og mitt ...“

„Og mitt ...“

„Og mitt ...“

„Og mitt ...“

„Ó, sjáið þið!“

Sjöundi dvergurinn hafði fundið Mjallhvíti sofandi í rúminu sínu. Þeir læddust allir þangað á tánum og horfðu á hana hugfangnir. Ljósið á lampanum skein á andlit hennar á mjallhvítum koddanum.

„Hamingjan hjálpi mér! Mikið er þetta fallett barn!“

„Hver getur þetta verið?“

„Við megum ekki vekja hana! Hún steinsefur ...“

„En hvað hún er fríð!“

„Hvaðan skyldi hún vera?“

„Þetta er dularfullt, bræður mínir. Verulega dularfullt!“

„Komið niður. Við verðum að ræða hvað skal gera ...“

Þeir tipluðu niður stigann aftur og settust kringum borðið.

„Hún virtist vera örpreytt, veslingurinn.“

„Við skulum ekki vekja hana.“

„Ekki fyrr en í fyrramálið.“

„Kannski er hún á flótta frá norn ...“

„Bjáni ertu! Það eru engar nornir til.“

„Ég held að hún sé engill.“

„Það getur vel verið en hún er í rúminu mínu og hvar á ég að sofa?“

Hinir sex buðu honum að sofa hjá sér, eina klukkustund í hverju rúmi. Síðan fóru þeir að sofa.

Þegar Mjallhvít vaknaði um morguninn við það að allir dvergarnir sjö voru að horfa á hana (þeir voru vaknaðir og komnir á fætur) þá varð hún verulega smeyk.

„Vertu ekki hrædd, stúlka litla!“

„Við erum mjög vinsamlegir!“

„Ekki kannski sérlega laglegir ...“

„En við gerum þér ekkert mein.“

„Við lofum því!“

„Þér er óhætt hjá okkur.“

„Hvað heitirðu, vinan?“



Sjöundi dvergurinn hafði fundið Mjallhöfti sofandi í rúminu sínu.  
Peir læddust allir þangað á tánum og horfðu á hana hugfangnir.

„Ég er kölluð Mjallhvít,“ sagði hún.

Peir spurðu hana hvaðan hún væri, hvernig hún hefði fundið húsið þeirra og svoleiðis, og hún sagði þeim að stjúpa hennar hefði reynt að drepa hana en veiðimaðurinn hefði þyrmt lífi hennar og að hún hefði hlaupið í ofsahræðslu gegnum skóginn og runnagróðurinn þangað til hún rakst á húsið þeirra.

Dvergarnir drógu sig nú í hlé út í horn og hvísluðust á, síðan komu þeir aftur og sögðu:

„Ef þú vilt sjá um heimilið fyrir okkur ...“

„Sópa og þrífa, þú veist, og svoleiðis ...“

„Og elda! Ekki gleyma því!“

„Já, og elda, og búa um ...“

„Og þvo af okkur ...“

„Og sauma og þrjóna og stoppa í sokkana okkar ...“

„Þá máttu vera hérna hjá okkur, vinan, og þig mun ekkert skorta.“

„Ó, já, þetta samþykki ég af öllu mínu hjarta!“ sagði Mjallhvít.

Þau bundu þetta fastmælum og Mjallhvít tók til óspilltra málanna. Á hverjum morgni þrömmuðu þeir upp í fjöllin til að grafa eftir gulli og kopar og silfri og þegar þeir komu heim á kvöldin var maturinn til handa þeim og húsið var hreint og þrifalegt og allt á sínum stað.

Mjallhvít var auðvitað alein heima allan daginn og dvergarnir lögðu henni strangar lífsreglur: „Vertu vör um þig. Stjúpa þín fer að leita að þér um leið og hún kemst að því að þú ert á lífi. Ekki hleypa neinum inn til þín.“

Þegar drottningin var búin að hesthúsa lífrina og lungun sem hún hélt að væru úr Mjallhvíti var hún óhrædd við að horfa í töfraspegilinn sinn og spyrja:

*„Spegill, spegill, herm þú hver  
hér á landi fegurst er.“*

En hún fékk ekki lítið áfall þegar spegillinn svaraði:

*„Frú mín, drottning, fögur ertu víst  
en fjærst inni í skóginum dvergar sáu  
þá mey sem fegurri margfalt mér líst.  
Mjallhvít er þar bak við fjöllin bláu.“*

Drottningin hrökk frá speglinum í hryllingi því að hún vissi að spegillinn gat ekki sagt ósatt, og hún skildi að veiðimaðurinn hafði svikið hana. Mjallhvít var enn á lífi! Allar hugsanir hennar hringsnerust um eitt og aðeins eitt: hvernig gat hún drepið Mjallhvíti? Hún vissi að öfundin myndi naga hana dag og nótt meðan hún væri ekki fegursta kona landsins.

Eftir langa umhugsun var hún komin með áætlun. Hún bjó sér vand- að dulargervi, sminkaði sig í framan og fór í búning gamallar sölukonu þannig að hún varð alveg óþekkjanleg. Hún hélt til húss dverganna sjö og þegar þeir voru farnir til vinnu sinnar í fjöllunum barði hún að dyrum.

Mjallhvít var að búa um rúmin. Hún heyrði barið og opnaði glugga uppi á loftinu.

„Góðan dag,“ kallaði hún niður. „Hvað ertu með til sölu?“

„Fína blúndu og fallega borða,“ kallaði drottningin á móti. „Langar þig að sjá varninginn minn, væna mín? Sjáðu þetta hérna til dæmis!“

Hún tók fram snúru úr fléttuðu silki. Mjallhvíti fannst hún ákaflega falleg og þessi gamla kona var líka einstaklega heiðvirð að sjá. Það hlaut að vera óhætt að hleypa henni inn.

Hún hljóp niður, dró slagbrandinn frá dyrunum og skoðaði snúruna.

„Langar þig til að prófa hana?“ spurði sölukonan. „Ja hérna, góða mín, þér veitti ekki af einhverjum til að hugsa um þig. Komdu hérna, elskan, og leyfðu mér að reima að þér upphlutinn með þessari fallegu snúru.“

Mjallhvít stóð alveg kyrr og grandalaus meðan gamla konan þræddi snúruna í upphlutinn hennar, svo togaði hún og togaði og togaði í snúruna þangað til upphluturinn var orðinn svo þröngur að Mjallhvít náði ekki andanum. Veslings stúlkan deplaði augunum og bærði varirnar, svo datt hún niður meðvitundarlaus.

„Þú ert ekki eins falleg núna þegar þú ert dauð,“ tautaði kerlingin og hraðaði sér burtu.

Skömmu seinna komu dvergarnir heim af því að dagur var að kvöldi kominn. Þegar þeir sáu Mjallhvíti liggja þarna eins og líflausa urðu þeir skelfingu lostnir. Þeir tóku hana upp og áttuðu sig undir eins á því hvað var að, þeir skáru strax á snúruna svo að hún næði andanum. Hún lifnaði við smám saman og sagði þeim hvað hafði gerst.

„Þú veist auðvitað hver þessi sölukona var, er það ekki?“

Hún vissi að  
durinn hafði  
hringsnerust  
Hún vissi að  
ekki fegursta

þjó sér vand-  
lar sölukonu  
verganna sjö  
in að dyrum.  
þnaði glugga

“  
óti. „Langar  
til dæmis!“  
hún ákaflega  
að sjá. Það

aði snúruna.  
hérna, góða  
omdu hérna,  
ssari fallegu

onan þræddi  
ogaði í snúr-  
ljallhvít náði  
rði varirnar,

kerlingin og

var að kvöldi  
íflausa urðu  
dir eins á því  
ði andanum.  
st.



Hún hljóp niður, dró slagbrandinn frá dyrunum og skoðaði snúruna.



„Það var vonða drottningin!“

„Getur ekki verið nein önnur.“

„Ekki hleypra henni inn aftur, þú verður að lofa því!“

„Passaðu þig, Mjallhvít mín! Ó, passaðu þig bara.“

„Mundu bara að vera ævinlega á verði!“

„Ekki hleypra *neinum* inn.“

En drottningin flýtti sér heim í höllina. Um leið og hún var orðin ein í dyngju sinni spurði hún spegilinn:

*„Spegill, spegill, herm þú hver  
hér á landi fegurst er.“*

Og spegillinn svaraði:

*„Frú mín, drottning, fagurt ertu víf.  
En fegurri er Mjallhvít sem dvergarnir fundu.  
Þeir skáru á snúrana skörpum með hníf  
Hún skundaði á fætur á sömu stundu.“*

Þegar drottning heyrði þetta missti hjarta hennar úr slag og blóðið bólgnaði svo út í æðum hennar að hún hélt að augun ætluðu að springa út úr höfðinu.

„Enn á lífi! Enn á lífi! Ég skal sko taka til minna ráða!“ sagði hún. „Hún verður ekki lengi lifandi enn, ég heiti því!“

Drottningin var göldrótt og nú maukaði hún nokkrar sjaldgæfar jurtir um leið og hún fór með galdraþulu, síðan dýfði hún fallegum hárkambi ofan í jurtaseyðið. Það var banvænt eitur. Með hjálp frekari galdra gerbreytti hún ásýnd sinni svo að hún minnti ekki hið minnsta á hina gömlu konuna, síðan lagði hún af stað að húsi dverganna.

Hún barði að dyrum og kallaði: „Fallegir smáhlutir til sölu! Kambar og þrjónar og speglar! Fallegir hlutir handa fallegum stúlkum!“

Mjallhvít leit út um gluggann á efri hæðinni og svaraði: „Ég get ekki hleypt þér inn. Ég má það ekki. Þú skalt bara fara.“

„Allt í lagi, elskan,“ sagði gamla konan, „ég skal ekki koma inn. En ég er viss um að þú mátt vel skoða. Sjáðu til dæmis þennan fallega hárkamb.“

Hann var *verulega* fallegur og Mjallhvít hélt að það gerði ekkert til að skoða hann ofurlítið nánar. Hún hljóp niður og opnaði dyrnar.

„Ó, hvað þú ert með fallegt hár!“ sagði gamla konan. „Svona kol-svart, þykkt og gljáandi! En það er óttalega úfið – hvenær burstaðirðu það síðast almennilega, væna mín? Er ekkert hugsað um þig hérna?“

Hún renndi fingrunum gegnum lokka Mjallhvítar meðan hún sagði þetta.

„Leyfðu mér bara að losa nokkra flóka með þessum fallega kambí – finnst þér hann ekki fallegur? Jú, ég sé það – komdu hingað, væna mín ...“

Mjallhvít beygði höfuðið hlýðin og gamla konan rak kambinn á kaf í höfuðleðrið á henni svo harkalega að veslings stúlkan datt umsvifa-laust um koll án þess svo mikið sem reka upp hljóð.

„Þá er búið að afgreiða þig, ungfrú góð! Við skulum sjá hvað þú verður falleg þegar þú ferð að rotna!“ sagði drottningin og hraðaði sér burt áður en dvergarnir kæmu heim.

Sem betur fór var langt liðið á dag og dvergarnir komu heim skömmu eftir að vonda drottningin fór. Þar fundu þeir Mjallhvíti.

„Mjallhvít! Hvað hefur nú gerst?“

„Andar hún?“

„Vonda drottningin enn ...“

„Hvað er þarna í hárinu á henni?“

„Taktu það, fljótur!“

„En passaðu þig – það er örugglega eitrad!“

„Passaðu þig ... passaðu þig ...“

Þeir vöfðu vasaklút utan um kambinn og drógu hann gætilega út og Mjallhvít andvarpaði og opnaði augun nærri því um leið.

„Ó, ég er svo mikill kjáni, kærur dvergar! Hún var allt öðruvísi en um daginn og ég hélt að þetta væri allt í lagi ...“

Þeir sögðu henni að því aðeins yrði allt í lagi að hún væri varkár og gerði eins og þeir sögðu henni. Hún mætti ekki opna fyrir *neinum*.

Drottningin flýtti sér heim og kastaði gervinu áður en hún stillti sér upp fyrir framan spegilinn. Hún sagði:

„Spegill, spegill, herm þú hver  
hér á landi fegurst er.“

Og spegillinn svaraði:

*„Virðulega drottning, þú fögur ert frú,  
en fegurri langtum þeir Mjallhvíti litu.  
Því kambinn illa sem áttir þú  
úr hennar hári dvergarnir slitu.“*

Drottningin riðaði og studdi sig við vegginn. Allt blóðið hvarf úr andliti hennar svo það varð gráhvítt með gulum og grænum flekkjum. Síðan rétti hún úr sér og neistar flugu úr augum hennar.

„Mjallhvít skal deyja!“ æpti hún.

Hún fór inn í leyndasta herbergið sitt og læsti á eftir sér. Engum var hleypt þangað inn, ekki einu sinni þjónustufólkinu. Síðan tók hún fram galdrakver og nokkrar litlar flöskur úr dökku gleri og fór að búa til eitrad epli. Það var hvítt öðrum megin og rósrætt hinum megin, allir sem litu það augum vildu ekkert fremur en bíta í það, en ef þeir gerðu það myndu þeir detta niður dauðir þegar í stað, jafnvel þótt þeir tækju bara pínulítinn bita.

Síðan dulbjó drottningin sig í þriðja sinn, stakk eplinu í vasann og lagði af stað að húsi dverganna.

Hún barði að dyrum og Mjallhvít leit út um gluggann.

„Ég get ekki hleypt neinum inn,“ sagði hún, „ég má það ekki.“

„Það er allt í lagi, góða,“ sagði drottningin, sem leit út eins og gömul bóndakona. „Mér datt bara í hug að þig langaði í epli. Uppskeran var svo góð í ár að ég veit ekki hvað ég á að gera við þau öll.“

„Nei, ég má ekki taka við neinu,“ sagði Mjallhvít.

„Æ, það var leiðinlegt,“ sagði gamla konan. „Þau eru svo ósköp góð. Sjáðu, ég skal taka einn bita svo að þú getir verið alveg róleg.“

Hún hafði gert eplið með slíkri list að bara rauði helmingurinn var eitradur. Auðvitað beit hún í hvíta helminginn og rétti svo Mjallhvíti eplið.

Það var svo freistandi að veslings stúlkan stóðst það ekki. Hún teygði höndina út um gluggann, tók eplið og beit hraustlega í rauða partinn, og hún hafði varla losað bitann þegar hún féll í gólfið, dauð.

Illu drottningin hallaði sér inn um gluggann og sá hana liggja á gólfinu, og þá hló hún hátt.

„Hvít sem mjöll, rauð sem blóð, svört sem íbenholt! Og nú dauð eins og dyramotta! Litlu öpunum tekst ekki að vekja þig í þetta skipti.“

Þegar hún kom aftur í dyngju sína spurði hún spegilinn:

*„Spegill, spegill, herm þú hver  
hér á landi fegurst er.“*

Og spegillinn svaraði:

*„Engin er fegurri en drottningin á landi hér.“*

Hún varpaði öndinni léttar af einlægri hamingju. Ef öfundsjúkt hjarta getur fundið frið þá var hennar hjarta nú loksins rótt.

Þegar dvergarnir komu heim um kvöldið fundu þeir Mjallhvíti liggjandi á gólfinu, stirðnaða og grafkyrra. Hún andaði ekki, augun voru lokuð, hún var alveg hreyfingarlaus. Hún var dáin. Þeir leituðu að banameini hennar en fundu ekki neitt, þeir losuðu um upphlutinn til að gá hvort hún færi að anda, þeir leituðu í hári hennar að eitruðum kambi; þeir hlýjuðu henni við eldinn, þeir báru konjaksglas að vörum hennar, þeir lögðu hana á rúmið og settu hana í stól en ekkert hafði nokkur einustu áhrif.

Þá áttuðu þeir sig á því að hún hlyti að vera dáin í raun og veru og þeir lögðu hana varlega á líkbörur og settust hjá henni og þar sátu þeir grátandi í þrjá daga. Þeir höfðu ætlað að jarða hana en hún var svo frískleg og fögur, rétt eins og hún svæfi, að þeir fengu ekki af sér að grafa hana niður í svarta moldina.

Þess vegna létu þeir gera kistu úr gleri og lögðu hana þar ofan í. Síðan létu þeir letra gullnum stöfum á hana: MJALLHVÍT PRINSESSA, og báru hana efst upp á fjallstind. Þaðan í frá var einn dverganna ævinlega hjá henni. Þeir skiptust á að vaka yfir henni og fuglarnir komu og syrgðu hana líka: fyrst kom ugla, síðan hrafn og loks dúfa.

Þannig leið langur, langur tími. Mjallhvít breyttist ekkert, hún var enn hvít sem mjöll, rauð sem blóð og svört eins og íbenholt.

Dag einn var prins nokkur á veiðum í skóginum og hann kom að húsi dverganna og bað um húsaskjól um nóttina. Morguninn eftir sá hann sólarljósið glampa á fjallstindinum og fór þangað upp eftir til að gá hvað þar væri. Hann fann glerkistuna, las áletrunina og sá líkið af Mjallhvíti.

Hann sagði við dvergana: „Leyfið mér að fara með kistuna heim. Ég skal borga ykkur hvað sem þið setjið upp.“

„Við viljum ekki peninga,“ sögðu þeir. „Við myndum ekki selja þessa kistu fyrir öll auðæfi veraldar.“

„Gefið mér hana þá,“ grátbað prinsinn. „Ég er orðinn ástfanginn af Mjallhvíti prinsessu og ég get ekki lifað án hennar. Ég skal sýna henni heiður og virðingu eins og hún væri lifandi prinsessa.“

Dvergarnir drógu sig í hlé og hvísluðust á. Svo komu þeir aftur og sögðust finna til með honum. Þeir væru vissir um að hann færi vel með þeirra ástkæru Mjallhvíti og hann mætti fara með hana heim í ríki sitt.

Prinsinn þakkaði þeim fyrir og bað þjóna sína að taka kistuna eins varlega upp og þeir gætu og halda á henni með honum. En á leiðinni niður fjallshlíðina hrasaði einn þjónninn svo að kistan kipptist til; þetta losaði bitann af eplinu úr hálsi Mjallhvítar því hún hafði aldrei rennt honum almennilega niður.

Hún kom smám saman til sjálfrar sín, svo lyfti hún lokinu af kistunni og settist upp, bráðlifandi á ný.

„Hamingjan góða, hvar er ég?“ spurði hún.

„Þú ert hjá mér!“ sagði prinsinn alsæll. Hann sagði henni frá öllu sem hafði gerst og bætti svo við: „Ég elska þig heitar en allt annað í heiminum. Komdu með mér til hallar föður míns og gefstu mér.“

Mjallhvít hreifst þegar í stað af honum og brúðkaup þeirra var haldið með dýrlegri viðhöfn.

Meðal þeirra sem boðið var í veisluna var stjúpán illa. Þegar hún hafði búið sig sínu fegursta skarti nam hún staðar fyrir framan spegilinn og sagði:

*„Spegill, spegill, herm þú hver  
hér á landi fegurst er.“*

Og spegillinn svaraði:

*„Frú mín, drottning, fögur ertu að líta  
en fegurri er drottningin unga mjallahvóta.“*

Drottningin greip andann á lofti af skelfingu. Hún var svo hrædd, svo ofsalega hrædd að hún vissi ekki hvað hún átti að gera. Hún vildi

ekki fara í brúðkaupið en samt vildi hún ekki sitja heima, henni fannst hún verða að fara og sjá þessa ungu drottningu. Að lokum dreif hún sig. Og þegar hún sá Mjallhvíti þekkti hún hana undir eins aftur og varð gagntekin hryllingi. Hún stóð bara í sömu sporum og skalf og nötraði.

En það var búið að setja skópar úr járni á eldinn. Þegar skórnir voru orðnir rauðglóandi voru þeir teknir úr logunum með töngum og stillt upp á gólfinu. Og vonda drottningin var neydd til að fara í þá og dansa í þeim þangað til hún datt niður dauð.

\* \* \*

Gerð ævintýris: ATU 709, „Mjallhvít“

Heimild: Grimmsbræður fengu þessa sögu frá Hassenpflug-fjölskyldunni Svipuð ævintýri: „Mjallhvít“ hjá Katharine M. Briggs; „Bella Venezia“ og „Giricoccola“ hjá Italo Calvino

Sterkt aðdráttarafl kvikmyndar Walts Disney, *Mjallhvít og dvergarnir sjö*, mun alltaf íþyngja þessari sögu nema sögumaður ákveði beinlínis að hunsa það. Og reyndar er það ekki svo erfitt ef við leyfum Grimmsbræðrum að ráða ferðinni.

Disney var samt snjall sögumaður og það er gaman að sjá hvernig listamennirnir á verkstæðinu hans einbeita sér ekki bara að einum þræði sögunnar hjá Grimmsbræðrum, illsku stjúpunnar, heldur líka öðrum þræði sem þar er ekki, nefnilega gamansemi dverganna, skírnarnöfnum þeirra og einstaklingsbundnum persónuleika hvers um sig. Við eigum að vinna með styrkleika okkar, það gildir líka í sagnalist. Disney-fyrirtækið kunnir vel á myndrænar skrítlur og að nota einfalda töfra lítilla barna, til dæmis í skógardýrunum (stór augu, mjúkir líkamar, sakleysilegt trúnaðartraust) og dvergum sem eru lítil börn með skegg.

Og ég er hlynntur því að stela því sem virkar vel. En það sem virkar í einu frásagnarformi þarf ekki að virka í öðru, og ég held ekki að það virki eins vel í sögu og á kvikmyndatjaldi að gera dvergana að sjálfstæðum persónum. Þannig eru þeir ekki hjá Grimmsbræðrum heldur hópur lágvaxinna jarðvætta, vinsamlegra og nafnlausra. Þeir eru fullkomlega